

**Nd.**

**235. Frumvarp til laga**

[171. mál]

um breyting á lögum nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Jón Kjartansson, Guðlaugur Gíslason, Hannibal Valdimarsson,  
Bragi Sigurjónsson, Jónas Árnason.

**1. gr.**

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2% af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blóðum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á s. l. ári voru samþykkt á Alþingi lög um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í 7. gr. þessara laga er kveðið svo á, að umbúðir um vindlinga skuli merktar með eftirfarandi áletrun: „Viðvörðun — Vindlingareykingar geta valdið krabbameini í lungum og hjartasjúkdómum.“ Vindlingapakkar, sem seldir eru hér á landi, hafa nú verið merktir þessari viðvörðunaráletrun nokkuð á annað ár.

Í samtölum við vindlingakaupendur hefur upplýstst, að fjöldi þeirra les ekki viðvörðunarorðin, rífur merkimiðann án þess, og vel meint ábending kemur ekki að tilætluðum notum. Þá koma þessi orð eigi heldur fyrir sjónir þeirra, sem enn eru ekki byrjaðir að reykja vindlinga, en til þeirra þyrftu þau vissulega að ná.

Lagabreyting sú, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, er þess efnis, að hætt verði að merkja vindlingapakkana svo sem nú er gert, en upphæð, sem nemur 2% — tveimur af þúsundi — af brúttósölu heildsöluverðs vindlinga, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, verði varið til að greiða viðvörðunarauglýsingar í fjölmiðlum og víðar, t. d. í framhaldsskólum landsins, þar sem varað yrði við hættu af tóbaksreykingum. Láta mun nærri, að þessi upphæð mundi á næsta ári nema um kr. 1 000 000.00 — einni milljón króna — og yrði hún greidd af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Telja verður eðlilegt, að stofnunin hafi samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands um framkvæmd þeirra nýmæla, sem í lögum þessum felast.